

EFTIRLITSSKÝRSLA

Sorpa GaJa Álfsnes



Dags eftirlits	16.7.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Sorpa GaJa	Eftirlitsmaður	
Heimili	Álfsnes	Tegund eftirlits	Reglubundið fyrra eftirlit
Kennitala	5105881189	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Eiður Guðmundsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í fyrra reglubundna eftirlit ársins í Gas og Jarðgerðarstöð Sorpu í Álfsnesi.

Í eftirlitinu komu fram tvö frávik frá starfsleyfi.

UMFANG EFTIRLITS

Boðað umfang eftirlits var eftirfarandi:

- Síðasta eftirlitsskýrsla
- Skráningar skv. grein 4.1 og skýrslugjöf skv. grein 4.4 og 4.5.
- Eftirlitsmælingar og umhverfisvöktun skv. grein 4.2
- Skoðunarferð

Síðasta eftirlit fór fram 3. desember 2020 en það var jafnframt fyrsta eftirlit Umhverfisstofnunar í verksmiðjuna sem tók til starfa í ágúst 2020. Í því eftirliti komu ekki fram ábendingar eða frávik frá kröfum starfsleyfis. Farið var yfir úrbætur vegna gats á meltutanki og fyrirbyggjandi aðgerðir til að forðast að slík atvik endurtaki sig.

1. Magn móttækens heimilisúrgangs og fljótandi úrgangs er vel innan leyfilegs umfangs í starfsleyfi. Rekstraraðili leitaði áhlits Umhverfisstofnunar á því hvort móttaka á lífrænum úrgangi frá rekstri, þ.e. deigi, mjöli og hveiti rúmaðist innan umfang starfsleyfisins og álitur Umhverfisstofnun svo vera og slík móttaka kalli ekki á breytingu á starfsleyfinu.

2. Vel er haldið utan um skráningar á þeim úrgangi sem kemur inn í stöðina. Hver og einn bílfarmur er vigtaður, tímaskráður í rafrænum gagnagrunni. Þegar eftirlitið fór fram hafði einungis verið tekið við úrgangi sem kemur frá flokkunarstöð Sorpu í Gufunesi en fljótandi lífrænn úrgangur kemur frá Hreinsitækni. Moltan er nú nýtt sem yfirlag á urðunarstað Sorpu í Álfsnesi. Farið var yfir lyktarkvartanir sem hafa borist Umhverfisstofnun í sumar. Verklag við ráðstöfun moltunnar á urðunarstaðnum hefur verið endurskoðað til að lágmarka lykt t.d. með því að fergja hana betur með jarðvegi.

Góðar skráningar á viðhaldi og búnaði í verksmiðjunni eru til staðar. Gagnagrunnurinn sendir tilkynningar þegar kemur að reglubundnu viðhaldi, verkbeiðnir eru skráðar í kerfið og kvittað er fyrir að viðhaldi sé lokið. Skynjari er á olíugildru sem gefur meldingu ef þarf að tæma hana en ekki hefur komið til þess til þessa. Vel er haldið utan um skráningar á þjálfun starfsmanna og góðar verklýsingar m.a. er varða viðbrögð við mengunaróhöppum.

Grænu bókhaldi út útstreymisbókhaldi fyrir Sorpu var skilað 3. maí sl. Ársyfirliti yfir skráningar sem fjallað er um í starfsleyfinu hefur ekki verið skilað sér og upplýsingar í græna bókhaldinu eru ekki nægilega lýsandi fyrir starfseiningu GAJA. Gera þarf grein fyrir þeim skráningum og eftirlitsmælingum sem eiga við starfsleyfi GAJA í græna bókhaldinu svo það geti talist fullnægjandi fyrir rekstur GAJA.

3. Mælingar á loftmengunarefnum ammoníaki, NH₃ eða lyktarstyrk skulu gerðar tvisvar sinnum á ári sbr. grein 4.2 og 3.5 í starfsleyfi. Rekstraraðili kynnti að verið væri að skoða hvaða mælíbúnaður myndi henta fyrir slíkar mælingar. Búið er að koma upp loftgæðamælistöð á ljósastaur SA við vinnsluhúsið sem mælir brennisteinsvetni (H₂S). Eftirlitsmaður minnti á mælingar á hávaða sem skal ljúka fyrir árslok 2021 en jafnframt óskað eftir nánari upplýsingum um mælitækin í loftgæðastöðinni.

4. Í skoðunarferðinni var gengið um verksmiðjunna og fylgst með þeim ferlum sem voru í gangi þegar eftirlitið fór fram. Almennt var snyrtilegt um að lítast og ekki tilefni til athugasemda.

Frávik frá**Lýsing á fráviki**

Grein 4.4 í starfsleyfi

Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda eftirlitsaðila, sbr. gr. 4.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Rekstraraðila er heimilt að vísa til skýrslu um umhverfisupplýsingar eða ársskýrslu ef þar er að finna ofangreinda samantekt. Grænt bókhald fyrir Sorpu fjallar ekki afmarkað um skráningar skv. grein 4.1 sem ná afmarkað yfir starfsemi GAJA.

Grein 4.2 í starfsleyfi

Mælingar á loftmengunarefnum ammoníaki, NH₃ eða lyktarstyrk skulu framkvæmdar tvisvar sinnum á ári. Niðurstöður úr slíkum mælingum fyrir fyrri hluta árs 2021 liggur ekki fyrir.

ANNAÐ

Rekstraraðili sendi inn fyrirspurn til Umhverfisstofnunar í mars um móttöku á úrgangi frá bakraríum og fæðuframléiðslu sem nemur allt að 1000 tonnum af deigi og allt að 500 tonnum af fæðri mjól og hveiti á ársgrundvelli. Umhverfisstofnun telur að slík móttaka rúmist innan umfangs núgildandi starfsleyfis.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 01.12.2021


Halla Einarsson

